

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 2010 í máli nr. E-10889/2009:

**Sigmundur Geir Helgason**

*(Arnar Kormákur Friðriksson hdl.)*

**gegn**

**íslenska ríkinu**

*(Sigurður Gísli Gíslason hrl.)*

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. mars sl., er höfðað með stefnu birtri 29. september sl.

Stefnandi er Sigmundur Geir Helgason, Suðurgötu 80, Hafnafirði.

Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 1.000.000 kr. með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. júlí 2007 til 10. október 2009, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

### *Málsatvik*

Lögreglu barst tilkynning frá fjarskiptamiðstöð 4. júlí 2007, kl 19.07, um að verið væri að ganga í skrokk á manni í húsnæði vélhjólaklúbbsins Fáfnis, að Hverfisgötu 61, Reykjavík. Tilkynningin barst frá konu, sem reyndist vera Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir, sem skýrði frá því að maðurinn hennar, Adam Bjarki Ægisson, hefði tengst vélhjólaklúbbnum Fáfni og hefði hún hlustað á barsmíðar á honum í gegnum farsíma hans.

Lögregla brá skjótt við og þegar hún kom á vettvang var stefnandi, ásamt Einari Marteinsyni, að ganga út um dyr á húsinu, en skammt þar frá var nefndur Adam

Bjarki.

Utan við húsið tjáði Adam Bjarki lögreglu að hann hefði verið laminn inni í Fáfnisheimilinu og nefndi sérstaklega til sögunnar í því efni, tvo menn, þá Einar og „Simba“. Skýrði Adam Bjarki svo frá á vettvangi, að hann hefði ætlað sér að hætta í nefndum vélhjólaklúbbi og hafi verið að skila fatnaði, merkjum og fleiri munum. Hafi meðlimir Fáfnis ráðist á sig skömmu áður en lögregla kom á vettvang. Áverkar voru sjáanlegir á baki og handleggjum Adams Bjarka, og var hann áberandi haltur, en jafnframt var hann sjáanlega skelkaður, skjálfsandi og átti erfitt um mál.

Stefnandi var handtekinn ásamt öllum öðrum sem á vettvangi voru, alls níu manns. Var stefnandi færður á lögreglustöð ásamt öðrum þeim er handteknir voru.

Adam Bjarki tjáði lögreglu á lögreglustöð að eftir að hann kom í húsnæði Fáfnis hefði hann verið lokaður inni og Einar og „Simbi“, sem vísar til stefnanda, hafi farið að lemja sig, m.a. með áhöldum. Á líkama Adams voru áverkar og m.a. skófar á baki hans. Mynstur á skóm stefnanda virtist svara til skófars á baki hans.

Adam Bjarki gaf skýrslu á lögreglustöð, að kvöldi 4. júlí 2007. Þar kom m.a. fram hjá honum að hann hefði verið þátttakandi í umræddum vélhjólaklúbbi um skeið, en ákveðið að hætta því. Það hefði hins vegar mælst mjög illa fyrir hjá forsvarsmönnum klúbbsins og honum verið bannað það og hann þvingaður til þátttöku eftir að hann hefði viljað hætta. Hann hafi svo verið boðaður á fund í félagsheimilinu vegna þessa. Hann hefði verið lokaður inni í herbergi með stefnanda og öðrum manni og hefðu þeir báðir ráðist að sér, m.a. með barefli, og hefði stefnandi barið sig með járnörri.

Hafi honum tekist að hringja til unnustu sinnar, Aðalheiðar Óskar, en síma sinn hefði hann fyrir fram stillt þannig að það gæti hann gert, aðeins með því að styðja á einn hnapp og hafi hún þá vitað að hringja ætti á lögreglu.

Tekin var skýrsla af Aðalheiði Ósk daginn eftir, eða 5. júlí 2007, og skýrði hún frá aðdraganda og atvikum á sama veg og Adam Bjarki.

Stefnandi sat í fangageymslu lögreglu frá því að hann var handtekinn 4. júlí 2007 þar til hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald frá 5. júlí 2007 til 9. júlí 2007. Var gerð krafa um að honum yrði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til 3. september 2007, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. Var stefnandi látinn laus úr haldi 9. júlí 2007.

Stefnandi var með réttarstöðu sakbornings meðan á rannsókn málsins stóð, en með bréfi frá 22. maí 2009 hætti lögreglustjórinn í Reykjavík rannsókn málsins, varðandi þátt stefnanda.

Stefnandi telur að hann hafi verið látinn sæta ólögmætri handtöku og ólögmætu gæsluvarðhaldi og er mál þetta höfðað til greiðslu skaðabóta úr hendi íslenska ríkisins vegna þess.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi kveður að hann hafi á öllum stigum málsins neitað að tjá sig um málið, enda hafi hann ekkert sér til sakar unnið. Þannig hafi hann hvorki viðhaft ofbeldi né gert sig líklegan til að hafa nokkurt ofbeldi í frammi gagnvart meintum brotþola er hann var handtekinn 4. júlí 2007 og í kjölfarið úrskurðaður í gæsluvarðhald, sem hann sætti í fjóra sólarhringa. Telur stefnandi að þessi frelsissvipting, þ.e. handtaka og gæsluvarðhaldsvist, hafi verið með öllu ólögmæt enda hafi engin áþreifanleg sönnunargögn legið fyrir varðandi meinta refsiverða háttsemi stefnanda, önnur en framburður meints brotþola, sem og óbeinn vitnisburður Aðalheiðar Þorsteinsdóttur. Telji stefnandi að hvorki hafi verið uppfyllt skilyrði þágildandi 1. mgr. 97. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála um að til staðar hafi verið rökstuddur grunur um refsivert brot, sem sætt gæti ákæru, er hann hafi verið handtekinn 4. júlí 2007, né skilyrði 1. mgr. 103. gr. sömu laga um fram kominn rökstuddan grun um að stefnandi hafi framið verknað sem fangelsisrefsing er lögð við. Þá hafi rannsóknarhagsmunir ekki verið slíkir að réttlætt gætu umrædda frelsissviptingu. Lögreglu hafi þannig verið í lófa lagið að kalla stefnanda til skýrslutöku síðar án þess að frelsissvipting færi fram. Hafi frelsissviptingin því verið með öllu óþörf, ólögmæt og gengið langt út fyrir allt meðalhóf. Stefnandi hafi þannig verið sviptur frelsi í fimm sólarhringa án haldbærra gagna og röksemda sem réttlætt gætu slíka frelsissviptingu.

Samkvæmt 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar skuli sá sem hafi verið sviptur frelsi að ósekju eiga rétt á skaðabótum. Í 1. málslíð 1. mgr. 175. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála komi fram að dæma megi bætur ef rannsókn máls á hendur sakborningi hafi verið hætt, sbr. nú 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ljóst sé að þetta skilyrði sé uppfyllt og því heimilt að dæma stefnanda bætur. Samkvæmt 2. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991 skuli bæta fjártjón og miska ef því sé að skipta.

Í 176. gr. laga nr. 19/1991 segi m.a. að dæma megi bætur vegna handtöku, leitar á manni og annarra aðgerða sem hafi frelsisskerðingu í för með sér, ef lögmæt skilyrði hafi brostið til slíkra aðgerða eða ef ekki hafi, eins og á hafi staðið, verið nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær hafi verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Stefnandi telji að lögmæt skilyrði hafi brostið til handtökunnar þann 4. júlí 2009 og gæsluvarðhaldsvistar frá 5. júlí 2007 til 9. júlí 2007 og því beri stefnda að greiða honum bætur. Þá telji stefnandi lengd vistunartímans hafa verið allt of langan og að það eitt nægi til þess að hann eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda, sbr. einkum 1. mgr. 101. gr. og 2. mgr. 105. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Í 2. málslíð 1. mgr. 175. gr. þágildandi laga nr. 19/1991, sbr. nú 2. málslíð 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, komi fram sú undantekningarregla að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfur sínar á. Stefnandi telji að túlka beri þetta ákvæði þröngt, í ljósi ákvæðis 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar sem kveði á um að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju, skuli hann eiga rétt til skaðabóta. Sé sú túlkun einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Stefnandi bendir á, að samkvæmt 2. mgr. 175. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. nú 5. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, skuli bæði bæta fjártjón og miska, en stefnandi krefst miskabóta að fjárhæð 1.000.000 króna.

Auk framangreinds geti ákvæði b-liðar 26. gr. skaðabótalaga um ólögmæta meingerð gegn æru, valdið því að réttur til miskabóta stofnist vegna aðgerða stefnda, en þar segi meðal annars að heimilt sé að láta þann sem af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi beri ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns, greiða miskabætur til þess sem misgert sé við.

Jafnframt leiði af meginreglu íslensks skaðabótaréttar að stefndi beri skaðabótaábyrgð í málinu vegna aðgerða sinna.

### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi bendir á að skýrslur hafi verið teknar 5. júlí 2007, af öðrum þeim sem handteknir höfðu verið á vettvangi. Þeir hafi ýmist neitað að tjá sig eða ekki viljað kannast við það sem Adam Bjarki hafi skýrt frá. Sá sem Adam Bjarki hafði nefnt sem hinn gerandann, Einar Ingi Marteinsson, hafi ekki viljað tjá sig neitt um það sem hann var grunaður um og skýrðist málið ekki við skýrslugjöf hans.

Með framburði Adams Bjarka, ástandi hans á vettvangi, framburði Aðalheiðar og símtali frá henni til lögreglu, sem og ummerkjum á líkama Adams Bjarka, hafi verið fram kominn rökstuddur grunur um að Adam Bjarki hefði orðið fyrir líkamsárás sem gæti eftir atvikum varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Hafi verið ljóst að rökstuddur grunur beindist að því að stefnandi ætti þar hlut að máli.

Hafi verið nauðsynlegt fyrir lögreglu að handtaka stefnanda, sem og alla aðra í félagsheimili Fáfnis umrætt sinn, enda ljóst að trúverðugur framburður hafi legið fyrir um líkamsárás, sem aðstæður á vettvangi hafi rennt stoðum undir. Hafi borið nauðsyn til að handtaka stefnanda til að hindra áframhaldandi brot, til að tryggja nærveru hans og til að hindra að hann gæti torvelað rannsókn, en ljóst hafi verið að hann hafi verið undir rökstuddum grun um að hafa framið brot, sem gæti sætt ákæru og varðað fangelsisrefsingu. Þá hafi jafnframt verið vafalaust að ekki hafi verið unnt að ljúka afgreiðslu málsins gagnvart stefnanda, strax á vettvangi, enda um yfirgripsmikið mál að ræða og aðstæður þannig að ómögulegt hafi verið að ljúka rannsókn. Hafi atvik á vettvangi um margt verið óljós og málið augljóslega þurft nánari rannsóknar við. Hafi handtakan þannig verið lögmæt og í samræmi við heimildir lögreglu til slíkrar valdbeitingar.

Hafi verið ljóst að rannsaka þyrfti alla þætti málsins þar með talið aðdragandann, sem sneri að úrsögn Adams Bjarka úr Fáfni, sem og að kanna vitneskju allra hlutaðeigandi í málinu. Af aðstæðum og framburði Adams Bjarka hafi mátt ráða að ætluð árás hefði á sér yfirbragð fyrir fram skipulagningar, sem og að allir í félagsheimilinu hefðu a.m.k. vitað um hana fyrir fram, eða jafnvel tekið þátt í henni sem vitorðs- eða hlutdeildarmenn. Hafi mat lögreglu verið það að aðdragandi og

aðstæður á vettvangi væru þannig að um væri að ræða mjög alvarlegt mál.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. júlí 2007 hafi stefnanda verið gert að sæta gæsluvarðhaldi til 9. júlí 2007, vegna rannsóknarhagsmuna málsins, en ljóst hafi verið að héldi stefnandi frelsi sínu óskertu, hefði hann öll tök á því að torvelða rannsókn málsins, s.s. með því að hafa áhrif á vitni og samseka, koma undan munum og afmá merki um ætluð brot. Mat héraðsdóms um rannsóknarhagsmuni, og nauðsyn gæsluvarðhalds á grundvelli þeirra, hafi án vafa verið rétt, að mati stefnda, burtséð frá því að lögregla hafi krafist gæsluvarðhalds til mun lengri tíma og jafnframt stutt kröfu sína með vísun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Stefnandi hafi verið látinn laus 9. júlí 2007, þegar gæsluvarðhaldið sem hann sætti rann út, en þá hafi lögregla tekið af honum aðra framburðarskýrslu sama dag. Þar hafi stefnandi neitað að tjá sig. Eftir það hafi stefnandi verið látinn laus.

Stefndi telji að miðað við umfang málsins hafi stefnandi verið skamman tíma í gæsluvarðhaldi. Um hafi verið að ræða alvarlega kæru og málið ekki upplýst nema að litlu leyti þegar stefnanda hafi verið gert að sæta gæsluvarðhaldi. Margir menn hafi legið undir grun þegar í upphafi og jafnframt meðan á gæsluvarðhaldi hans hafi staðið, en auk þess hafi þurft að afla frekari gagna, s.s. læknisvottorðs.

Þá telji stefndi að stefnandi hafi sjálfur valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hann krefjist bóta fyrir, bæði með háttsemi sinni gagnvart Adam Bjarka og annarri framkomu á vettvangi, og jafnframt með því að neita að svara spurningum lögreglu við skýrslugjöf 5. júlí 2007 og stuðla ekki að því að upplýsa málið með því, en það hefði átt að vera honum vandræðalaust. Hafi stefnanda mátt vera fullljóst mikilvægi þess að skýra undanbragðalaust og greinilega frá öllu sem varðað hafi málið, en það hafi hann ekki gert.

Stefnandi hafi verið látinn laus um leið og ekki voru lengur efni til þess að halda honum áfram í gæsluvarðhaldi.

Um hafi verið ræða alvarlegt brot og nokkra sakborninga sem margir hafi neitað að tjá sig. Stefnandi hafi ekki rennt stöðum undir að lögregla hafi haldið að sér höndum við rannsókn málsins og bendir stefndi á að unnið hafi verið að rannsókninni án nokkurra tafa meðan stefnandi sat í gæsluvarðhaldi. Þá hafi þvingunarráðstafanir ekki verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Stefndi kveður kröfu stefnanda um greiðslu 1.000.000 króna miskabóta algerlega órökstudda. Fjárhæð kröfunnar sé í miklu ósamræmi við dómvenju á þessu sviði og það ósamræmi sé í engu rökstutt.

Stefnandi hafi bæði vísað til bótareglna þágildandi laga um meðferð opinberra mála sem og sakarreglunnar og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi telji að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að skilyrði neinna bótareglna séu uppfyllt. Gildi það jafnt um bótareglur laga um meðferð opinberra mála, sem og um skilyrði sakarreglunnar og sé til að mynda ekki sýnt fram á ólögmetna og saknæma háttsemi starfsmanna stefnda. Ekki sé heldur sýnt fram á að skilyrðum 26. gr. skaðabótalaga sé fullnægt, hvað varði ólögmetna meingerð. Liggi ekki fyrir neitt í málinu um sök starfsmanna stefnda, en í því sambandi breyti engu að rannsókn málsins hafi ekki

leitt til ákæru á hendur stefnanda. Stefndi telji jafnframt að starfsmenn stefnda hafi gætt meðalhófs í aðgerðum sínum. Ekki verði séð að sýnt hafi verið fram á að stefnandi hafi mátt þola andlega þjáningu og miska vegna lögmætra aðgerða lögreglu í því skyni að upplýsa alvarleg brot.

Stefndi telji því að ekki séu uppfyllt skilyrði neinna þeirra bótareglna sem stefnandi vísi til, en í því efni taki stefndi fram að ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála veiti stefnanda ekki rýmri bótarétt en ákvæði 175. og 176. gr. laga nr. 19/1991.

### *Niðurstaða*

Stefnandi hefur höfðað mál þetta til greiðslu miskabóta úr hendi ríkisins, annars vegar vegna meintrar ólögmætrar handtöku hans 4. júlí 2007, og hins vegar vegna meints ólögmæts gæsluvarðhalds sem stefnandi var látinn sæta frá 5. júlí 2007 til 9. júlí 2007.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu barst tilkynning frá fjarskiptamiðstöð um að verið væri að ganga í skrokk á manni í húsnæði vélhjólaklúbbsins Fáfnis að kvöldi 4. júlí 2007. Tilkynnandi var Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir, sem kvaðst hafa hlustað á það í gegnum síma, er manni hennar, Adam Bjarka Ægissyni, var misþyrmt. Fór lögregla á vettvang og handók stefnanda ásamt öllum þeim sem staddir voru í húsnæðinu. Fyrir utan húsnæðið hitti lögregla fyrir Adam Bjarka sem tjáði lögreglu að hann hefði verið laminn af stefnanda. Á Adam Bjarka voru sjáanlegir áverkar á baki hans og handleggjum, auk þess sem hann var haltur og mjög skelkaður.

Í áverkavottorði Adams Bjarka frá 5. júlí 2007, sem Hlynur Þorsteinsson sérfræðingur undirritar, kemur fram að á líkama hans hafi verið dreifðir yfirborðsáverkar, þar á meðal megi sjá merki um skóför á tveimur stöðum við herðablöð.

Samkvæmt 176. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 var heimilt að dæma bætur vegna handtöku og gæsluvarðhalds auk annarra þvingunaraðgerða sem þar eru taldar upp. Samkvæmt ákvæðinu er skilyrði greiðslu bóta að brostið hafi lögmæt skilyrði til slíkrar aðgerðar eða, að ekki hafi verið eins og á stóð, nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Í málinu er fram komið að er lögregla hitti Adam Bjarka á vettvangi, 4. júlí 2007, voru á honum sjáanlegir áverkar. Frásögn hans um barsmíðar af hálfu stefnanda og annars manns, í húsnæði Fáfnis, kom heim og saman við þá tilkynningu sem lögreglu hafði borist frá konu hans, sem kvaðst hafa hlustað á það er gengið var í skrokk á honum. Þegar framangreint er virt er hvorki fallist á að handtaka stefnanda hafi verið tilefnislaus né að lögmæt skilyrði hafi brostið til slíkra aðgerða. Þvert á móti er það mat dómsins að atvik á vettvangi hafi verið með þeim hætti að handtaka stefnanda hafi verið nauðsynleg og í samræmi við heimildir lögreglu til slíkrar valdbeitingar, sbr. 1. mgr. 97. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð sakamála.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. júlí 2007 var stefnanda gert að sæta gæsluvarðhaldi til 9. júlí 2007. Í forsendum úrskurðarins kemur fram að rökstuddur grunur liggi fyrir um að kærði, þ.e. stefnandi máls þessa, hafi framið brot sem varðað geti fangelsisrefsingu samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og var fallist á að hann sætti gæsluvarðhaldi á grundvelli 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, vegna rannsóknarhagsmuna. Kvöldinu áður en stefnanda var gert að sæta gæsluvarðhaldi hafði verið tekin skýrsla af Adam Bjarka hjá lögreglu, en þá tjáði hann lögreglu að stefnandi hefði umrætt sinn ráðist á sig í félagi við annan mann í húsnæði Fáfnis. Hann hefði ítrekað sparkað í sig og að lokum hefði hann náð í járnror og slegið hann með því, mest í bakið. Í skýrslu, sem Aðalheiður Ósk Þorsteinsdóttir gaf hjá lögreglu 5. júlí 2007, kom fram að Adam Bjarki hefði stillt símann sinn þannig að hann þyrfti einungis að ýta á einn takka til að ná símasambandi við hana, áður en hann fór til fundar við Fáfnis menn að kvöldi 4. júlí, þar sem hann hefði grunað að eitthvað stæði til. Síminn hefði svo hringt um sjöleytið og hefði hún heyrt að verið var að ganga í skrokk á Adam Bjarka. Þá hefði hún þekkt rödd stefnanda við þessar aðfarir.

Stefnandi var yfirheyrður hjá lögreglu 5. júlí 2007. Hann kvaðst ekki geta gefið neina skýringu á því að Adam Bjarki hefði kært hann og Einar Inga Marteinsson fyrir líkamsárás og kvað engan hafa gengið í skrokk á Adam Bjarka. Hann kvaðst vera „saklaus í þessu máli“. Þá voru teknar skýrslur af öðrum sem handteknir voru þennan dag í húsnæði Fáfnis. Þeir ýmist neituðu að tjá sig, eða könnuðust ekki við það sem Adam Bjarki hafði tjáð lögreglu. Lögregla aflaði úrskurðar um símasamskipti 6. júlí 2007 og vann að rannsókn á skófatnaði stefnanda og samanburði á skóm hans og skóförum á baki Adams Bjarka. Þá var gerður samanburður á sári Adams Bjarka á upphandlegg hans og á járnrori sem lagt var hald á í húsnæðinu þar sem stefnandi var

handtekinn. Í skýrslu tæknideildar lögreglu kemur fram að samanburður á skófatnaði stefnanda og skóförum á baki Adams Bjarka sýni að áverkar hans gætu hafa stafað frá skóm sömu gerðar og stefnandi var í er hann var handtekinn. Skýrsla tæknideildar er dagsett 9. júlí 2007.

Er stefnandi var handtekinn, og gert að sæta gæsluvarðhaldi í fjóra daga, var hann grunaður um að hafa í félagi við annan mann gerst sekur um líkamsárás, og að hafa við þá árás m.a. notað járnror. Þannig gat verknaður sá sem stefnandi var grunaður um, varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Unnið var að rannsókn málsins á þeim tíma sem stefnandi sat í gæsluvarðhaldi, aðrir grunaðir voru yfirheyrðir og tæknideild lögreglu vann að rannsókn, sem gerð er grein fyrir í skýrslu hennar 9. júlí 2007. Stefnandi var svo leystur úr haldi þann dag.

Stefnandi gerði hins vegar ekkert til þess að upplýsa málið eða auðvelda rannsókn þess. Að áliti dómsins voru í ljósi framangreinds á þessu stigi málsins uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til þess að stefnanda yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi þann tíma sem það varði. Verður því ekki fallist á að stefnandi eigi rétt á bótum á grundvelli 176. gr. þágildandi laga nr. 19/1991, enda lítur dómurinn svo á að stefnandi hafi sjálfur stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á, sbr. a-lið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991. Nægilegt tilefni var til þess að úrskurða stefnanda í gæsluvarðhald og hefur ekki verið sýnt fram á að handtaka stefnanda og gæsluvarðhald hafi verið framkvæmd á óþarflega særandi,

móðgandi eða hættulegan hátt.

Með vísan til þess sem að framan er rakið, fellst dómurinn ekki heldur á að skilyrði séu í málinu til þess að fella bótaábyrgð á hendur stefnda á grundvelli almennu sakarreglunnar eða á grundvelli 26. gr. skaðabotalaga. Breytir þar engu um að rannsókn málsins hafi ekki leitt til ákæru á hendur stefnanda.

Stefnandi hefur vísað til 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, með áorðnum breytingum kröfum sínum til stuðnings, en eins og ítrekað hefur komið fram í dómum Hæstaréttar veitir umrætt bótaákvæði ekki ríkari rétt en reglur XXI. kafla laga nr. 91/1991 mæltu fyrir um.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í máli þessu samkvæmt gjafsóknarleyfi frá 26. ágúst 2009. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er þóknun lögmanns hans, Arnar Kormáks Friðrikssonar héraðsdómslögmanns, og ákveðst 450.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið er sýknað af kröfu stefnanda, Sigmundar Geirs Helgasonar.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 450.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ingveldur Einarsdóttir